

Listamaðurinn Erró:

Blanda af draumóra- og raunsæismanni

„Þetta var frábær veiðiferð, gott veður, mikill fiskur og ekki síst góður félagsskapur. Þetta er í fyrsta skipti sem ég fer á ýsu- og þorskveiði – skak,“ sagði listamaðurinn Erró er hann kom í land í Kópavoginum á fimmtudag eftir fjögurra tíma veiðiferð með nokkrum góðum félögum sínum. Þeir fengu hátt í hundrað þorska, ýsu og svartfugl.

Erró sagði að þessi hálfsmánaðar-dvöl á Íslandi hefði verið mikil upplifun. „Ég er búinn að vera hér í tvær vikur og þarf að komast heim að vinna,“ sagði Erró en hann kvaddi Ísland snemma í gærmorgun. „Þetta er búið að vera dútl í heillar tvær vikur. Ég er orðinn hálfstressaður, mig vantar vinnu. Hins vegar hef ég fengið nóg af góðu lofti þar sem ég hef ferðast mikið. Við fórum á Kaldadal á hestum og að Barnafoss-um og fleira. Einnig ferðaðist ég með áætlanarbílum og öllum mögulegum farartækjum. Það hefur virkilega verið slegið í,“ sagði Erró.

Ekki sagðist hann vita hvenær hann kæmi hingað til lands næst. „Kannski eftir rúman mánuð, eitt ár, tvö ár, ég hef enga hugmynd um það. Ég verð að loka mig inni í vinnustofunni minni núna. Það verður sýning hjá mér 2. nóvember í París og í Sviss í vor. Ég er löngu búinn með þau verk sem sýnd verða í París en á eftir að vinna sýningu í Sviss. Auk þess er ég með mörg stór verk sem hafa verið pöntuð hjá mér og ég þarf að ljúka við. Það verður því ekkert slakad á,“ sagði Erró.

Listamaðurinn Erró fæddist í Ólafsvík 19. júlí 1932. Hann bjó í Reykjavík með móður sinni til þriggja ára aldurs en þá fluttu þau að Kirkjubæjarklaustri. Þar giftist móðir hans Siggeiri Lárussyni bónda.


Geðugur og góður félagi

„Erró ólst upp í sömu sveit og ég. Við vorum saman í barnaskóla og ég dvaldi oft á heimili foreldra hans. Ég hafði náttúrlega ekkert nema gott af honum að segja,“ sagði Jón Helgason, fyrrum ráðherra, er hann var spurður um fyrrum skólafélaga sinn og vin.

„Erró var ákaflega geðugur og góður félagi. Hann var byrjaður að teikna mjög ungur og það var meðal annars vegna þess að Kjarval dvaldi þarna mikið á þessum árum. Erró fékk hjá honum liti og lærði. Hann var þá þegar farinn að teikna og mála.“

– Ertu að segja að Kjarval hafi kennt Erró?

„Já, hann horfði mikið á listamanninn við vinnu sína og lærði vinnubrögðin. Hann byrjaði á því að mála myndir af Systrastapa, setti þær bæði á blað og tré. Þær myndir voru mjög í stíl Kjarvals fannst mér þá. Ég held að það hafi farið mjög vel á með þeim Kjarval og Erró, þeir



Þegar Erró var aðeins tólf ára gamall málaði hann þessa mynd af Öræfajökli og gaf vini sínum, Magnúsi Bjarnfreðssyni, sem síðan hefur varðveitt hana. Þessa mynd af Systrastapa fékk Magnús Bjarnfreðsson að gjöf frá Erró árið 1945.

voru góðir félagar. Erró hafði mikinn áhuga á myndlist og skaraði fram úr í skólanum í teikningu. Hann sýndi okkur oft myndir sínar og leyndi þeim ekki.“

– Var Erró að einhverju leyti öðruvísi en önnur börn?

„Nei, það mundi ég ekki segja. Mér sýnist hann vera líkur sjálfum sér ennþá en ég verð að viðurkenna að það eru nokkur ár síðan ég talaði síðast við hann. Hann var alltaf mjög ljúfur og rólegur. Leiðir okkar skildust þegar barnaskóla var lokið. Ég hitti hann nokkrum sinnum eftir það og hann kom alltaf annað slagíð að Kirkjubæjarklaustri eftir að hann settist að erlendis. Það fór aldrei á milli mála þegar Erró var barn að hann hafði mikla listamannshæfileika og áhuginn var á þessu sviði,“ sagði Jón Helgason.

Gaf myndir tólf ára

Magnús Bjarnfreðsson var einnig í bekk með Erró í barnaskóla. „Erró var afskaplega ljúfur og elskulegur drengur. Hann var þá strax farinn

að teikna og mála. Við í skólanum bárum sennilega takmarkað skynbragð á listamannshæfileika hans en það fór þó ekki á milli mála að hann hafði þá.“

– Hvað teiknaði hann helst?

„Það var allt mögulegt. Ég á eina mynd eftir hann sem er af Öræfajökli. Hann var tólf ára þegar hann málaði þessa mynd á vaxdúk með strigaáferð. Myndin er dagsett 2. október 1944. Ég man eftir því þegar hann fór upp á bæjarhólinn og málaði þessa mynd. Síðan kom hann og gaf mér hana. Þessi mynd hefur fylgt mér síðan. Maður hugsaði ekki um það þá að hann ætti eftir að verða heimsfrægur málari en hins vegar kom mér það ekki á óvart. Aðra mynd fékk ég árið 1945 en hún var af Systrastapa.“

Erró var, af svo ungum dreng að vera, afskaplega flinkur. Kjarval dvaldi mikið á Klaustri og það fór ekki fram hjá honum hvaða efni var í Erró. Kjarval hafði alltaf miklar mætur á Erró og sá að þarna var mikið listamannsefni. Eftir að við hættum í skóla höfðum við ekki mik-

ið samband. Ég hef stöku sinnum hitt hann og haft gaman af. Erró hefur ekkert breyst. Hann er mjög líkur sjálfum sér, alltaf jafnelskulegur við fólkið í kringum sig og ekki síst ósnobbaður.“

Málaði á sultukrúkkur

– Fannst ykkur, hinum strákonum, ekkert skrítið að hann væri símálandi?

„Nei, það held ég ekki. Við vissum af þessum áhuga og allir í sveitinni. Hann var sonur listamanns og Kjarval var búinn að segja mönnum að þetta væri listamaður og við það sat. Erró skar sig ekkert úr að öðru leyti. Hann var með í öllum leikjum og afar normal unglingur að öllu leyti. Sérviska var ekki til í honum. Systrastapi var mikið viðfangsefni hans í gamla daga og hann málaði á allar sultukrúkkur heima hjá sér. Hann var alltaf að búa til myndir en það kom ekki niður á samskiptum hans við aðra.“

Erró eða Guðmundur Guðmundsson, eins og hann heitir réttu nafni, fór í skóla til Reykjavíkur eftir barnaskóla og stundaði auk þess teikinám í kvöldskóla. Erró hóf síðan nám í teiknikennaradeild Handíða- og myndlistarskólans og útskrifaðist þar með besta vitnisburði sem nokkurn tíma fyrr eða síðar hefur verið gefinn. Það varð til þess að honum var boðin kennarastaða við skólann.

Ferðalög í frístundum

Þegar Erró kom til Reykjavíkur hafði hann gríðarlegan áhuga á ferðalögum. Hann fór í gönguferðir með Ferðafélaga Íslands í hverri frístund sem gafst. Auk þess var hann félagi í Flugbjörgunarveit Íslands. Hann var með í hópi sem sótti lík úr bandarískri flugvél sem hrapaði í Eyjafjöllum – þá unglingur. Einnig var Erró með í hjálparstarfi Flugbjörgunarveitarinnar á Vatnajökli árið 1950 þegar sótt var dót úr flugvélinni Geysi sem fórst þar. Meðal þess sem þar fannst var lifandi hundur. Nokkrir hundar voru um borð í vélinni og voru þeir allir skotnir en þessi slapp lifandi.

Erró hélt til Noregs til frekara náms þar sem hann kynnti sér fresku, sem er sérstök tækni, og mósaik. Frá Noregi hélt hann til Flórens og til Ravenna. Frá Ítalíu fluttist hann til Parísar og settist þar að. Erró á einnig hús á eyjunni Formentera á Spáni. Erró er auk þess alltaf með annan fótinn í Thailandi.

Má engan tíma missa

Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur og menningarráttgjafi DV, hefur kynnt Erró mjög vel og meðal annars dvalið hjá honum um tíma í Par-

ís. „Erró hugsar mikið um mataræðið þessa stundina,“ sagði Aðalsteinn. „Hann hefur komið sér upp miklu æfingahjól og æfir sig á því á kvöldin. Það er mjög týpískt fyrir Erró að hann hefur sett hjólið niður fyrir framan sjónvarpið til að geta horft á fréttirnar á meðan. Hann má engan tíma missa. Erró hefur alltaf verið vinnubjarkur. Hann fær þennan kraft í arf því faðir hans, Guðmundur frá Miðdal, var óhemju vinnubjarkur. Hann fær þar líka áreiðanlega í blóðið þessa miklu ferðabörf. Allt frá því hann var strákur hefur hann verið uppi um öll fjöll. Þegar hann kom til Reykjavíkur gekk hann í Ferðafélagið og notaði allar helgar til útivistar. Þessi vinnusemi er í öllu hans fólki frá Klaustri líka,“ sagði Aðalsteinn.

„Ég kynntist Erró þegar hann hélt stóra sýningu á Kjarvalsstöðum árið 1977. Ég hafði fylgst með honum lengi en ekki hitt hann fyrr. Þegar ég var í listfræðinámi í Englandi var ég með það í huga að fjalla um verk hans en síðan kom annað upp á. Mér fannst Erró ákaflega áhugaverður. Þegar ég var við nám í Svíþjóð skrifaði ég greinar um Erró fyrir Iceland Review og Storð og dvaldi þá hjá honum í París. Erró var þá með afar litla vinnustofu í miðborg Parísar og það þurfti að hala málverkin út um gluggann svo að þau kæmust út. Hann hefur eftirlátið fyrrverandi eiginkonu sinni, Myriam Bat-Josep, þá vinnustofu núna.“

Mjög skipulagður

Það eru allir sammála um að Erró sé mikill öðlingur. Ég fékk að fylgjast með lífsháttum hans, starfi og samkvæmislífi. Það er til dæmis sérstætt hvernig hann flokkar myndir, flokkar lífsstílinn ofan í skúffur. Hann er til dæmis eini maðurinn sem ég þekki sem er með ský í skúffum.“

– Er hann þá skipulagður?

„Mjög skipulagður. Það má kannski segja að það sé ólíkt listamanni enda má segja að hann sé óvenjuleg blanda af draumóramanni og harðsvíruðum raunsæismanni.“

– Því hefur verið haldið fram að hann sé með hóp manna í vinnu hjá sér?

„Það hef ég aldrei orðið var við og hef ekki nokkra trú á því. Auk þess hefur hann sjálfur neitað því. Reynðar hef ég verið á vinnustofu hans og fylgst með honum og séð hvernig hann ber sig að.“

– Hefur Erró sagt þér hvernig áhuginn kviknaði í fyrstu?

„Já, það verður að segjast eins og er að það er Kjarval. Hann lærði af honum vinnubrögð og Kjarval var að gefa honum léreftsbúta og litatúpur. Þó var þessi þörf komin hjá Erró áður en Kjarval kom austur. Það er alltaf spurning hvað sé uppeldislegt og hvað áhrif. Kannski er gert of mikið úr þessum áhrifum hans frá Kjarval. Það eru engin tengsl á milli